



Umboðsmaður Alþingis

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 7. október 2023

Tilv.: FJR23030015/0.5.1

Tilv. yðar: F132/2023

Efni: Sala á hlut ríkisins í Íslandsbanka

Ráðuneytinu hefur borist álit embættisins í máli nr. F132/2023. Í álitinu segir, á bls. 22:

Í tilefni af svörum ráðherra sem hefur til samanburðar vísað til sölu á 35% hlut ríkisins í Íslandsbanka hf. árið 2021, bendi ég á að atvik hér voru með ólíkum hætti. Sú sala mun hafa farið fram með skráningu hlutanna í kauphöll og sölu á almennum markaði. Þótt ráðherra væri formlegur seljandi hluta fyrir hönd ríkisins var þar af leiðandi ekki um að ræða neina aðkomu hans að sölufurlinu eftir að því hafði verið hrundið af stað, hvorki almennt né gagnvart einstökum kaupendum. Við ákvörðun um þá sölu verður því ekki séð að ráðherra hafi verið eftirlátið mat líkt og átti við um söluna sem fram fór 22. mars 2022.

Að mati ráðuneytisins er óhjákvæmilegt að benda á að ráðherra hafði sama hlutverk við sölumeðferð skv. 4. gr. laga nr. 155/2012 í báðum útboðum. Aðkoma hans var með sama hætti að báðum útboðum eftir að sölufurlinu var hrundið af stað og eins þegar kom að mati við ákvörðun um sölu. Bæði almennt og gagnvart einstökum kaupendum. Safnað var í tilboðsbók í báðum tilvikum. Ráðuneytið getur því ekki tekið undir að atvik hafi m.t.t. aðkomu ráðherra „verið með ólíkum hætti“. Meðfylgjandi þessu bréfi eru:

Vegna fyrra útboðs:

1. Tillaga Bankasýslu til ráðherra um sölumeðferð, dags. 17. desember 2020.
2. Samþykki ráðherra til Bankasýslu um sölumeðferð, dags. 21. desember 2020.
3. Ákvörðun ráðherra um að hefja sölumeðferð, dags. 21. janúar 2021.
4. Beiðni Bankasýslu um heimild til endanlegrar sölu að loknu útboði, dags. 15. júní 2021.
5. Samþykki ráðherra og umboð til að ljúka sölumerferð, dags. 15. júní 2021.

Vegna síðara útboðs:

1. Tillaga Bankasýslu til ráðherra um sölumeðferð, dags. 20. janúar 2022.
2. Samþykki ráðherra til Bankasýslu um sölumeðferð, dags. 10. febrúar 2022.
3. Ákvörðun ráðherra um að hefja sölumeðferð, dags. 18. mars 2022.
4. Beiðni Bankasýslu um heimild til endanlegrar sölu að loknu útboði, dags. 22. mars 2022.
5. Samþykki ráðherra og umboð til að ljúka sölumeðferð, dags. 22. mars 2022.

Af tilvitnuðum texta mætti jafnramt ráða að salan í frumútbóðinu hafi farið fram með skráningu hluta í kauphöll og sölu í framhaldinu. Frumútbóðið fór fram í tengslum við skráningu allra hlutabréfa í bankanum og til nánari skýringa var röð atvika sem hér segir:

- Þann 7. júní 2021 hófst útbóð á allt að 35% bréfa ríkisins, að undangenginni útgáfu skráningarlýsingar. Samhliða gerð lýsingarinnar lagði stjórn bankans inn umsókn til Kauphallar um töku hlutanna til viðskipta.
- Þann 10. júní 2021 birti Kauphöll tilkynningu um að hún hafi samþykkt umsókn um töku hlutabréfa í bankanum til viðskipta en að samþykkið væri háð því að félagið uppfyllti skilyrði um dreifingu hlutafjár (þ.e. að salan færi fram) fyrir fyrsta viðskiptadag, sem áætlaður var 22. júní 2021. Í skráningarlýsingu fólst að til sölu voru óskráð bréf, sem gengið var út frá að yrðu skráð ef salan heppnaðist.
- Útbóðinu lauk 15. júní 2021 með sölu ríkisins á 35% hluta og almenn viðskipti með bréfin í kauphöll hófust 22. júní 2021.

Ef ráðherra hefði ákveðið að samþykkja ekki lokatillögu Bankasýslunnar 15. júní 2021, þ.e. hætt við sölna, þá hefði bankinn ekki verið skráður á markað.

Ráðuneytið mun bregðast hratt við ef umboðsmaður telur þörf á frekari upplýsingagjöf eða samskiptum vegna málsins.

Fyrir hönd ráðherra

Guðmundur Árnason

Jón Gunnar Vilhelmsson